



Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
b.t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavíkurlugvelli, 21. apríl 2017

**Efni: Fjármálaáætlun 2018 til 2022 og skattahækkunar á ferðaþjónustuna**

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2018 til 2022 eru boðaðar umtalsverðar breytingar á rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi. Einkum ber að nefna miklar skattahækkunar á nær allar greinar ferðaþjónustunnar sem hafa verið í neðra þrepi af tveimur þrepum virðisaukaskattskerfisins. Iceland Travel vísar til og tekur undir athugasemdir sem hafa komið fram í umsögn Icelandair Group, en telur rétt að koma að athugasemdum sem snúa sérstaklega að starfsemi þess.

**Strá salti í sár ferðaþjónustunnar**

Iceland Travel hefur þungar áhyggjur af áformunum og mótmælir þeim harðlega. Miklar kostnaðarhækkunar hafa verkað samhliða óhagstæðri gengisþróun þannig að rekstrarskilyrði félagsins hafa versnað verulega. Komi til boðaðra skattahækkana ofan í þessar aðstæður er vandséð hvort Iceland Travel geti haldið áfram rekstri í óbreyttri mynd.

Félagið telur nauðsynlegt að upplýsa fjárlaganefnd um að samkeppnisstaða íslenskra ferðaskrifstofa sem selja erlendum ferðamönnum þjónustu hefur versnað mikið undanfarið og Iceland Travel hefur ekki farið varhluta af því. Nokkrir ferðaheildsalar, sem hafa átt í viðskiptum við Iceland Travel, hafa þegar tekið Ísland út úr framboði sínu á áfangastöðum og eru hætt viðskiptum við félagið. Einkum er um að ræða ferðaheildsala frá mið- og suður Evrópu. Í staðinn markaðssetja þeir nú ferðir til Norður-Noregs og annarra staða í norðurlhluta Skandinavíu þar sem er einnig boðið upp á norðurljósaferðir og óspillta náttúru.


**Eru ekki í stakk búinn til að bæta við skattahækkunum**

Sala á lengri ferðum, ferðum utan suðvesturhornsins og dýrari ferðum hefur helst gefið eftir. Rekstrarskilyrði félagsins eru því þannig að ekki er á bætandi að hækka skatta eins og boðað hefur verið. Jafnframt bendir Iceland Travel á að boðaðar skattahækkunar vinna gegn markvissri og kostnaðarsamri markaðssetningu Íslands undanfarin ár sem heilsársáfangastaðar.

Það er erfitt að leggja mat á hversu mikil áhrifin verða en Iceland Travel telur að um afleit og skaðleg áform sé að ræða. Jafnvel kann að fara svo að boðuð tekjuáhrif af aðgerðinni verði miklu minni en gert er ráð fyrir, samhliða búsigjum fyrir eina mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar.

Að teknu tilliti til þess sem að framan greinir og hefur komið fram í umsögn Icelandair Group og öðrum umsögnum lýsir félagið harðri andstöðu við boðaðar skattahækkunar. Það skal tekið fram að félagið styður áform um lækkun efra þreps virðisaukaskatts. Iceland Travel fer þess á leit við fjárlaganefnd að vera boðað á fund nefndarinnar við meðferð málsins til lýsa sjónarmiðum sínum fyrir nefndarmönnum.

Virðingarfyllt,  
F.D. Iceland Travel



Hörður Gunnarsson  
framkvæmdastjóri